

# Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 9. apríl 1997 • 14. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

## Sjávarútvegsfyrirtækið Básafell hf., á Ísafirði

# Hlutfé fyrirtækisins aukið um 250 milljónir að nafnvirði

Stjórn Básafells hf., hefur ákveðið að auka hlutfé fyrirtækisins að nafnvirði um 250 milljónir króna. Hefur gengi bréfanna verið ákveðið 3,86 til forkaupsréttarhafa og stendur forkaupsréttartímabilið til 25. apríl nk. Verði hlutfé óselt að tímabilinu loknu, hefur verið gert samkomulag við hluta af fyrrverandi hluthöfum Norðurtangans og hluthafa Kambs hf., á Flateyri, um að þeir eignist allt að 173 milljónum króna að nafnvirði í nýju hlutfé í Básafelli. Nýti forkaupsréttar aðilar hins vegar forkaupsrétt

sinn verður viðkomandi aðilum greitt það sem uppá vantar í peningum. Verði hins vegar eftir óselt hlutfé eftir forkaupsréttartímabil og úthlutun til fyrrgreindra aðila, mun það verða selt í almennri sölu af Landsbréfum til 1. október nk. Í útboðslýsingu kemur fram að tilgangur hlutfjárútbóðsins sé að endurskipuleggja og styrkja fjárhag félagsins svo hægt verði að fara út í nýjársfestingar og endurbætur sem taldar eru hagkvæmar hverju sinni sem og að uppfylla ákvæði kaupsamnings um

hlutfé í Norðurtanganum og samning um sameiningu Kambs hf.

Básafell hf., var stofnað 1992 og hefur það á síðustu misserum tekið miklum breytingum. Í nóvember á síðasta ári voru fjögur sjávarútvegsfyrirtæki sameinuð undir nafni Básafells, þ.e. Togaraútgerð Ísafjarðar hf., Útgerðarfélagið Sléttanes hf., Ritur hf., auk Básafells og var hlutfé félagsins þá rúmar 485 milljónir króna. Það var síðan aukið í 506 milljónir króna með útgáfu nýs hlutfjár undir lok síðasta

árs. Í desember á síðasta ári keypti fyrirtækið öll hlutabréf í Norðurtanganum og í febrúar og mars var undirritað samkomulag við alla hluthafa í Kambi hf., um að sameina rekstur félaganna, og er stefnt að af því geti orðið um næstu mánaðarmót.

Stærstu hluthafar í Básafelli í dag eru Olúfélagið hf., með 33,92% eignarhlut, Ísafjarðarbær með 13,56%, Gunnvör hf., með 7,71%, Hlutabréfasjóðurinn Íshaf með 6,34%, Hinrik Matthíasson með 4,69% og Arnar Kristinsson með 4,63%.



Herdís Albertsdóttir ásamt þeim Patreki Jóhannessyni, Geir Sveinssyni og Þorbirni Jenssyni landsliðsþjálfara.

## Herdís og strákararnir hennar

Um ellefu ára skeið hefur Herdís Albertsdóttir, 89 ára Ísafirðingur, haft mikinn áhuga á handknattleik og hefur landslið Íslands skipað stóran sess í huga hennar síðan þá. Herdís hefur í gegnum árin veitt liðinu ómetanlegan stuðning í huga og verki og hafa landsliðsmenn á hverjum tíma verið þess meðvitaðir, sem og stjórn HSÍ, sem bauð Herdís sem heiðursgesti á leik Íslands og Japans sem haldinn var á Ísafirði fyrir tveimur árum, auk þess sem landsliðsmennirnir hafa sent henni árituð kort þegar þeir hafa verið á keppnisferðum erlendis.

Eins og kunnugt er lék landsliðið gegn Kínverjum á Ísafirði í síðustu viku og lét Herdís sig þá ekki vanta á leikinn. Var henni vel tekið af liðsmönnum, þjálfara og stjórnarmönnum HSÍ, enda liðinu ekkert mikilvægara en að eiga góða stuðningsmenn að. Samkvæmt upplýsingum blaðsins hafa „dregirnir úr Djúpinu” þ.e. þeir Kristján Arason og Guðmundur Guðmundsson, verið hennar uppáhaldsleikmenn, en báðir eiga þeir áttir sínar að rekja til Ísafjarðardjúps. Þá skipa þeir Geir Sveinsson, Patrekur Jóhannesson og Konráð Olavsson stóran sess í huga hennar. Að leik liðanna loknum í síðustu viku heilsuðu landsliðsmennirnir upp á Herdís og voru þá meðfylgjandi myndir teknar.



Ánægður stuðningsmaður ásamt einum af „dregjunum sínum” úr landsliðinu, Konráð Olavssyni.

## Aðalfundur Hraðfrystihússins hf., í Hnífsdal

# Sameining Hraðfrystihússins, Frosta og Bakka er í skoðun

Aðalfundur Hraðfrystihússins hf., í Hnífsdal var haldinn á laugardag. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var um 60 milljóna króna hagnaður á rekstri síðasta árs, sem telst mjög góður árangur hjá fyrirtæki sem einungis er í bolfiskvinnslu. Á fundinum var ákveðið að greiða 10% arð til hluthafa sem eru um sjötíu talsins.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins, var ákveðið á fundinum að halda áfram viðræðum við stjórnendur Frosta hf., í Súðavík og Bakka hf., í Hnífsdal og Bolungarvík, um hugsanlega sameiningu fyrirtækjanna, en viðræður þessar hafa átt sér stað um nokkurt skeið. „Þessi mál hafa verið í skoðun undanfarin misseri en það liggur ekkert á borðinu varðandi neina sameiningu,” sagði Einar Valur Kristjánsson, ný-



Frosti hf., í Súðavík er eitt þeirra fyrirtækja sem eiga í viðræðum við Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal um hugsanlega sameiningu.

kjörinn stjórnarformaður Hraðfrystihússins hf., í samtali við blaðið.

Einar Valur vildi lítið tjá sig um einstök atriði sem tekin voru fyrir á fundinum en sagði að ákveðið hefði verið að greiða út 10% arð til hluthafa. „Rekstur fyrirtækisins var réttu megin við núllið sem telst gott

miðað við fyrirtæki í hefðbundinni bolfiskvinnslu. Við erum alltaf að reyna að bæta okkur og sameiningarmál eru inni í myndinni hjá öllum. Það eru um sjötíu hluthafar í fyrirtækinu og því er ekki að leynd að þar eins og í öðrum fyrirtækjum, eru skiptar skoðanir um hin ýmsu mál,” sagði Einar

Valur.

Ný stjórn Hraðfrystihússins hf., í Hnífsdal er skipuð þeim Aðalbirni Jóakimssyni, Elíasi Ingimarssyni, Kristjáni G. Jóakimssyni og Einari Val Kristjánssyni, sem eins og áður sagði, gegnir starfi stjórnarformanns.

### Blaðsíða 4

Dönsuðu og þrjónuðu í sólarhring



### Blaðsíða 6

Vestfirðir í alfaraleið hjá Elsu Guðmunds.



### Blaðsíða 12

Flugstöðin á Ísafirði stækkuð í sumar



# Spurningin

Var sigurinn gegn Bolvíkingum sætur Finnboði?



**Finnboði Hermannsson, forstöðumaður Svæðisútvarps Vestfjarða:**

„Það er alltaf heldur skárra að vinna en tapa í því sem maður er að basla við. Bolvíkingarnir stóðu sig ágætlega, spurningarnar voru ágætis líka og það var skemmtileg stemning þarna. Áhorfendur voru fjölmennir sem mér finnst bera vott um að Bolvíkingar standi saman en félagsþroski hefur ávallt verið á háu stigi í Bolungarvík.

Í tilefni Alþjóðadags fatlaðra stóð Sjálfsbjörg í Bolungarvík fyrir kaffisölu og skemmtun á sunnudaginn. Ýmislegt var til skemmtunar en hápunkturinn var spurningakeppni á milli fulltrúa Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Lið Ísafjarðar var skipað starfsmönnum Svæðisútvarpsins á Ísafirði, þeim Finnboða Hermannssyni, Jóni Björnssyni og Guðrínu Sigurðardóttur. Í liði Bolvíkinga voru þau Gunnar Sigurðsson, Euphemia Gísladóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Spurningar voru almenns eðlis og var keppnin jöfn og spennandi en henni lýktaði með sigri Ísafirðinga sem fengu 17 stig á móti 14 stigum Bolvíkinga.

## Heildartekjur Íslandsflugs jukust á síðasta ári

# Besta rekstrarárið til þessa

Síðasta ár var besta rekstrar-ár Íslandsflugs til þessa. Heildartekjur félagsins jukust um 37% og voru tæpar 600 milljónir króna og var hagnaður af rekstri 25,7 milljónir króna. Aukning varð í öllum helstu þáttum starfseminnar, áætlunarflugi, leiguflugi og vöruflugi til Evrópu.

Félagið flýgur áætlunarflug til tíu staða hér á landi og rekur umsvifamikið leiguflug, bæði innanlands og utan, einkum til Grænlands. Félagið flutti 53 þúsund farþega á síðasta ári og hafa þeir aldrei verið fleiri. Á síðasta ári tók félagið í notkun nýja flugvél af gerðinni ATR 42, sem var hrein viðbót við flugflota félagsins. Með tilkomu hennar þrefaldaðist rým-



ATR 42 flugvél Íslandsflugs.

id í vörufluginu til Evrópu sem félagið flýgur í samvinnu við DHL.

Íslandsflug sér fram á næg verkefni framundan. Í sumar verður innanlandsflugið gefið frjálst og fjölgun flugvalla á Grænlandi gefur vonir um auknið leiguflug þangað. Vegna

aukinna umsvifa og nýrra verkefna hefur verið ákveðið að Ómar Benediktsson, fráfarandi stjórnarformaður, taki við framkvæmdastjórn Íslands-

flugs en Gunnar Þorvaldsson einbeiti sér að erlendum verkefnum fyrir félagið ásamt því að vera stjórnarformaður.

## Ísafjörður

### Rafskaut hefur starfsemi

Rafiðnaðarfyritækið Rafskaut ehf., sem stofnað var undir lok síðasta árs, tók til starfa þann 1. apríl síðastliðinn. Fyritækið mun veita alhliða rafþjónustu s.s. rafvéla- og rafhláaþjónustu, rafvélavíðgerðir, ásamt nýlagningum í hús, þjónustu við stýrikerfi á olíu- og rafmagnsmiðstöðvum, lyftuþjónustu auk þess sem félagið mun þjóna

viðgerðum á rafbúnaði smábáta, svo fátt eitt sé nefnt.

Rafskaut ehf., er til húsa að Suðurtanga þar sem 3X-Stál var með starfsemi fyrir stuttu. Sex starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu og eru eigendur þess þeir Örn Smári Gíslason, Magnús Valsson, Einar Yngva- þess og Áki Sigurðsson.

## Ísafjörður

### Ormstunga í Edinborg

Menningarmiðstöðin Edinborg í samvinnu við leikhópinn Ormstunga býður Vestfirðingum upp á nýstárlega, kraftmikla og skemmtilega sýningu á Ormstungu, ástarsögu, nk., mánudagskvöld 14. apríl og þriðjudagskvöldið 15. apríl.

Sýnt verður í Edinborgarhúsinu og er sætafjöldi tak-

markaður. Hægt er að panta miða í síma 456 5444 milli kl. 14 og 18 á laugardag og sunnudag. Leikararnir Halldóra Geirharðsdóttir og Benedikt Erlingsson leika alls um 25 hlutverk í sýningunni og hafa fengið frábæra dóma fyrir frammi- stöðuna.

## Ísafjörður

### Theodór hættir með Salem

Theodór Birgisson, sem gegnt hefur starfi forstöðumanns Hvítasunnusafnaðarins Salem á Ísafirði um þriggja ára skeið lætur af störfum innan skamms, en hann mun 1. júní nk., taka við starfi forstöðumanns safnaðarins á Akureyri.

Óvíst er um eftirmann

Theodórs á Ísafirði þar sem erfitt er að fá einstaklinga til starfsins vegna þess að ekki er um launað starf að ræða. Starfsemi Hvítasunnusafnaðarins á Ísafirði hefur aukist mikið þau þrjú ár sem Theodór hefur veitt söfnuðinum forstöðu.



ÍSAFJARÐARBÆR

### HÚSNÆÐI ÓSKAST TIL LEIGU

Óskum eftir að taka á leigu einbýlisedaradhús á Ísafirði. Lágmarks leigutími er til 1. ágúst 1998.

Nánari upplýsingar gefa húsnæðisfulltrúi Ísafjarðarbæjar Birgir Valdimarsson og Kristinn Breiðfjörð skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði.

## Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

### Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólgötu 9,  
400 Ísafjörður  
☎ 456 4560  
☐ 456 4564

### Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson  
Halldór Sveinbjörnsson

### Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

### Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

### Netfang:

hprent@snerpa.is

### Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

# Andleg leti

Dr. Gunnlaugur Þórðarson, hæstaréttarlögmaður, reit nýverið grein í Morgunblaðið, sem hann nefndi „Hörmuleg andleg leti.“ Í upphafi greinar sinnar segir Gunnlaugur frá því að menn hafi undrast að hann skuli nenna að skrifa í blöðin um kvótann, sem hann (Gunnlaugur) víti ekkert um!!! og sem fólk á svo erfitt með að átta sig á, að það hirið ekki um að lesa þess konar skrif.

„Auðvitað breytir litlu (segir Gunnlaugur) þótt sumir nenni ekki að láta sig varða þjóðarhag. Andleg leti er aftur á móti of algeng, með þjóðinni, sem er umhugsunarefni. Það má aldrei gleymast, að hagar íslensku þjóðarinnar er að mestu leyfi byggður á því hvernig til tekst um sjávarútveginn.“

Hér hefur verið gerður að umtalsefni sá hvalreki á fjörur stjórnámálanna þegar ómerkilegar upptakomur fá almenning til að gleyma þjóðingarmiklum, umdeildum málum, sem þeir hyggjast koma í gegn. Gott dæmi er þögnin, sem nú umlykur fyrirætlanir stjórnámálaflokkanna um að heimila veðsetningu kvótans, sem dr. Gunnlaugur bendir á í grein sinni að „er lögvarin skipulagning fiskveiða, en getur ekki talist til atvinnuréttinda, sem 75. gr. stjórnarskrár tekur til og getur ekki talist eign, en fiskurinn í sjónum er þjóðareign.“

Undir það skal tekið með dr. Gunnlaugi að andlegur doði eða leti þjóðarinnar í jafn mikilvægu máli og kvótamálinu er áhyggjuæfni. Í skrifum hér hefur því verið haldið fram, að meðan einstaklingar og fyrirtæki í sjávarútvegi hagnast árlega um himinháar upphæðir á braski með óumdeilda þjóðareign, þarf hinn almenni launþegi ekki að gera sér neinar grillur um kjör sér til handa í líkingu við það, sem þekkest í nágrannalöndum okkar.

„Það eru mikil vandræði, að stjórnvöld skuli geta úthlutað slíkum réttindum sem í kvótanum felast. Það er segin saga, að allri úthlutun fylgir spilling,“ segir dr. Gunnlaugur undir lok greinar sinnar.

Með úthlutun forréttinda í kvótaformi er ríkisstjórnin að taka sér það vald í hendur að ákveða „hver á að lifa og hver á að deyja,“ eins og sá mikli stjórnámálaskörungr Bjarni heitinn Benediktsson, orðaði það svo snilldarlega um pólitíska úthlutunarstarfsemi stjórnvalda á haftaárunum svokölluðu.

Það er nóturlegt ef svo er komið fyrir þjóð vorri að sakir andlegar leti láti hún sig einu gilda þótt fjöregg hennar sé afhent fámennri, útvalinni stétt, sem stjórnvöld hafa með valdboði gert að erfðaprinsum að þjóðarauði Íslendinga.

s.h.

## Lesendur

### Opið bréf frá H.V.Í til Í.B.Í

Stjórn H.V.Í. furðar sig á þeim málflutningi sem var í bæjarblöðunum í síðustu viku varðandi sameiningu H.V.Í. og Í.B.Í. Þar sem engar viðræður um sameiningu hafa farið fram þykja okkur þessar yfirlýsingar ansi einhliða.

Stjórnin kannast ekki við að ákveðið sé að sameina fyrir 1. júní 1997. Þeir aðilar sem áttu að kanna viðhorf Í.B.Í. og H.V.Í. til sameiningar er þriggja manna nefnd skipuð fulltrúum frá U.M.F.Í., Í.S.Í. og Íþróttafulltrúi ríkisins. Óskaði nefndin eftir fundi föstudagskvöldið 21. mars síðastliðinn, en formaður H.V.Í. taldi fundartímann óhentugan þennan ákveðna dag og óskaði eftir að fundartími yrði eftir páskafrí. Síðan þá hefur ekkert heyrst frá nefndarmönnum.

Stjórn H.V.Í. kannast ekki við þá fullyrðingu sem fram kemur í skrifum í síðustu viku að H.V.Í. óttist skert réttindi innan U.M.F.Í. ef af sameiningu yrði. Ef Í.B.Í. hefur áhuga á samstarfi við H.V.Í. er það von okkar að báðir aðilar komi að málinu en að ekki verði gefnar út einhliða yfirlýsingar.

Með von um gott og heilladrjúgt samstarf í framtíðinni.

Stjórn Héraðssambands Vestur Ísfirðinga,  
Bergþóra Annasdóttir,  
Sigurður Hafberg,  
Asdís Jónsdóttir,  
Kjell Hymer,  
Pétur Björnsson.

## Leiðari

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

# Ákall um hjálp vegna húsbrennans í Bolungarvík

Aðfararnótt sunnudagsins 30. mars síðastliðins, sem var páskadagur, varð íbúðarhúsið nr. 6 við Heiðarbrún í Bolungarvík eldi að bráð. Fyrir mikla Guðs mildi björguðust heimilisfaðirinn og dóttir hans úr eldsvoðanum heil á húfi. En þarna fór að öðru leyti allt sem farið gat; húseignin, innanstokksmunir, allt brann til kaldra kola.

Slys sem þetta er óskaplegt áfall þeim sem fyrir verða. Tjónið verður auðvitað aldrei bætt að fullu, þótt allra leiða væri leitað. Fjárhagslegar bætur komast ekki einu sinni neins staðar nálægt því að bæta eignamissinn í krónum talinn,

og það jafnt fyrir því þótt heimili og innbú hafi verið að fullu tryggt. Þeir hjá tryggingarfélagnum hafa einhvern veginn lag á að renna reikningsglöggum sleikifingri eftir dálki og rýna píreygðir í smáaletur og mikið rétt já; þetta er allt saman með einhverjum hætti öðru vísi og sýnu verra en tryggingatakin og tjónþolinn hafði haldið, þegar honum var seld tryggingin.

Oft er á orði haft og með réttu, að Íslendingar séu sem ein stór fjölskylda, þegar í vandræði er komið. Þetta sannadist raunar eftirminnilega í snjóflóðunum miklu árið 1995

og fjársöfnunum vegna þeirra. Nú skulum við enn sýna samtakamátt og koma til hjálpar Ólafi Benediktssyni og fjölskyldu hans að Heiðarbrún 6 í Bolungarvík. Stofnaður hefur verið reikningur í Sparisjóði Bolungarvíkur undir nafninu „Aðstoð til Ólafs Benediktssonar“. Reikningsnúmerið er 17000 - sautján þúsund - en kennitala Ólafs er 020353-5629.

Ég heiti á alla góða drengi að leggja þessu málefni lið.

Bolungarvík, 3. apríl 1997,  
Gunnar Björnsson,  
sóknarprestur.

HÓTEL  
**Ísafjörður**  
SÍMI 456 4111

## Hádegi á hótelinu

Nýjung í hádeginu á þriðjudögum og föstudögum.

Léttir suðrænir réttir – Mexíkóskir réttir, pasta, hrísgrjónaréttir og súpa á hlaðborði.

Verð kr. 850,-

Verið velkomin!

## Bolungarvík

# Ágúst ráðinn læknir - aftur

„Já, það er rétt ég er búinn að ráða mig sem lækni í Bolungarvík og mun væntanlega hefja störf í byrjun maí þannig að þú getur haft yfirskriftina „allt er þá þrennt er“ ef þú ætlar að skrifa um þetta,“ sagði Ágúst Oddson, læknir í Borgarnesi og fyrrverandi læknir í Bolungarvík, þegar hann var spurður um hvort það væri rétt að hann væri að koma aftur vestur til að gerast læknir í Bolungarvík.

Ágúst var læknir um árabil í Bolungarvík en kvaddi Bolvíkinga s.l. haust og tók við læknisstöðu í Borgarnesi. Hann segir að það sem mestu hafi ráðið um þá ákvörðun hafi fyrst og fremst verið það óheyrilega vaktaálag sem viðgekkst í



Ágúst Oddson.

Bolungarvík en þar hafi verið um nánast stöðuga vakt að ræða. Hann hafi viljað komast í stöðu þar sem álagið væri ekki svona mikið og því hafi þetta verið niðurstaðan. En hvað varð til þess að þú ákvaðst að koma aftur vestur Ágúst?  
„Það má kannski segja að ýmsir hlutir hér hafi ekki staðið undir vænt-

ingum og þar sem Bolvíkingar voru búnir að vera án læknis meira og minna í allan vetur, þá kom þessi hugmynd upp sem nú er að verða að veruleika og ég og fjölskyldan erum mjög sátt og glöð með þessa niðurstöðu og við hlökkum til að hitta Bolvíkinga. Ég mun gera samning til fjögurra ára en í honum er gert ráð fyrir vaktfríum sem ég fagna mjög.“  
Hvað um héraðslæknisembættið? Tekur þú aftur við því?  
„Það er alveg óljóst á þessari stundu.“  
En tekur þú aftur sæti í bæjarstjórn Bolungarvíkur?  
„Nei og það er alveg öruggt,“ sagði Ágúst Oddsson að lokum.

## Ísafjörður

# Hrókeringar á verslunarhúsnæði

Ýmsar verslanir og þjónusta hafa verið að færast um set innan Ísafjarðar að undanförunu. Verslunin Þjótur er nú flutt að Hafnarstræti 9, þar sem Gvendur á Eyrinni og Snyrtihús Sólreyjar eru fyrir. Með tilkomu verslunarinnar Herra Ísafjörður

áð Hrannargötu 2, færast starfsemi verslunar Snerpu ehf., sem þar var áður, að Mánagötu 6, en þar hefur Dagný Prastardóttir rekið Rammagerð Ísafjarðar.

Að sögn Dagnýjar flyst Rammagerðina nú í húsnæði

það, þar sem áður var Ísafjarðarapótek, að Hafnarstræti 18. Rammagerðin mun opna á nýjum stað á föstudaginn og verður í tilefni af því boðið upp á opnunartilboð og kaffi verður á boðstólum fyrir viðskiptavinum.

Á Eyrinni  
Veitingastaður Kaffihús  
Mánagata 1 - Sími 456 4306  
Fisherhúsi anno 1884

Föstudags- og laugardagskvöld bjóðum við kvöldmatargestum matseðil með ljúffengum réttum frá kl. 19:00

## Opið bæði kvöldin

frá kl. 23:00 til kl. 03:00

### Föstudagskvöld

Hljómlist af geislaspilara að eigin vali

### Laugardagskvöld

Hljómsveitin Rósin skemmtir í fyrsta sinn hjá okkur í þrumu stuði

Húsið opið aðeins fyrir matargestir frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Borðapantanir daglega frá kl. 12:00 til kl. 17:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt hjá okkur á föstudags- og laugardagskvöldum

Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Aðgangseyrir fyrir aðra en matargesti á laugardagskvöld er kr. 500,-

## Veislur

Tökum að okkur matar- eða kaffiveislur fyrir hverskonar mannfagnaði í heimahúsum eða veitingasölum svo sem fermingar, giftingar, árshátíðir og fleira. Leigjum út sali til funda og annarra mannfagnaða.



## Gleymið ekki... Pizzur - skyndibitar

Hringdu og pantaðu eða líttu inn, það verður dekrað við þig,

**síminn er 456 5267**

Skemmtistadurinn

# Vikurbær

Sími 456 7130

Miðvikudaginn 9. apríl:

Dortmund - Manchester United kl. 18:00

Ajax - Juventus kl. 20:45

Fimmtudaginn 10. apríl:

U.M.F.A. - KA kl. 21:00

Liverpool - Paris Sg. German\*

Barcelona - Fiorentina\*

\*Óstaðfest leitid upplýsinga

Laugardagur 12. apríl

U.M.F.A. - KA kl. 16:00

Laugardagskvöldið 12. apríl

Hinn frábæri írski trúbador

**Leo Gillespé**

spilar frá kl. 23.00 til kl. 03:00

Nú verður gaman!

18 ár



Föstudagskvöldið 11. apríl kl. 21:00

Félagsvistin vinsæla (þriðja kvöldið)

18 ár

Hinn stórgóði trúbador

**Leo Gillespé**

spilar frá kl. 23.00 og eitthvað fram á næsta dag.

# Dönsuðu og þrjónuðu í sólarhring



Stúlkurnar voru mun virkari í dansinum en þó sást einn og einn strákur taka létt spor, sérstaklega á meðan ljósmyndarinn var á staðnum.

Nemendur 10. bekkjar Grunnskólans á Ísafirði efndu til maraþonvöku frá kl. 15 á föstudag til sama tíma daginn eftir og var tilgangurinn að safna fé í ferðasjóð, en það er síður hjá þeim sem útskrifast frá skólanum að enda skólavistina á ferðalagi innanlands.

Nemendurnir gengu í hús á Ísafirði og söfnuðu áheimum og var árangurinn góður að sögn Jóns.

Björnssonar, forstöðumanns félagsmiðstöðvar grunnskólans, en um 100 þúsund krónur söfnuðust í ferðasjóðinn. Nemendurnir dönsuðu og þrjónuðu í 24 klukkustundir og voru drengirnir mun áhugasamari við þrjónaskapinn en stúlkurnar að sögn Jóns. Hann sagði óákveð-

ið hvert ferð ungmennanna yrði heitið við skólalok en taldi líklegast að Reykjavík eða Akureyri yrðu fyrir valinu. „Ég hef sjálfur verið að hvetja krakkana til að fara á Hornstrandir eða í Flókaland og styrkja þar með fyrirtæki í heimabyggð, en sú hugmynd hefur mælst

misjafnlega vel fyrir þó svo að henni hafi vaxið ásmegin,” sagði Jón. Um fimmtíu krakkar tóku þátt í maraþonvökunni. Ljósmyndari blaðsins leit við hjá krökkunum á föstudagskvöld og tók þá meðfylgjandi myndir.



Drengirnir voru aftur á móti mun áhugasamari um þrjónaskapinn að sögn Jóns Björnssonar, forstöðumanns félagsmiðstöðvar grunnskólans. Hér sjást nokkrir 10. bekkingar við þrjónaskapinn. Það er Sigríður Júlíana Kristinsdóttir, sem hér kennir einni stúlkunni réttu handtökin.

## Fegurðarsamkeppni Vestfjarða

### Aflýst í ár

Ekkert verður af fyrirhugaðri Fegurðarsamkeppni Vestfjarða að þessu sinni, en ætlunin var að halda hana í lok mars.

Að sögn forsvarsmanna keppinnar, Gróu Böðvarsdóttur og Steinþórs Friðrikssonar, var ákveðið að aflýsa keppninni í ár vegna þess hversu fáar stúlkur gáfu kost á sér til hennar, sem og vegna mikilla anna þeirra sjálfra. Þau segja þó nóg af frambærilegum stúlkum á Vestfjörðum og hyggjast halda ótrauð áfram að ári.



Frá keppninni á síðasta ári.



**Pantanasíminn er 456 3367**



## TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

### Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

#### Einbýlishús / raðhús:

**Bakkavegur 25:** 154m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-  
**Engjavegur 12:** 210m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-  
**Fagraholt 12:** 156,7m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.  
**Hafraholt 14:** 144,4m<sup>2</sup> raðhús á

tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-  
**Heiðarbraut 6:** 133,3m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-  
**Hjallavegur 19:** 242m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-  
**Hlíðarvegur 26a:** 120m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-  
**Hlíðarvegur 38:** 183,2m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-



**Bakkavegur 23:** 133,8m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-



**Hafnarstræti 6:** 158m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Tilboð óskast

**Miðtún 31:** 190m<sup>2</sup> endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Skjapagata 11:** 78 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Stakkanes 4:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-  
**Stakkanes 6:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-  
**Strandgata 3:** 130,5m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-  
**Urðarvegur 26:** 236,9m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

#### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 21:** 132,2m<sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-  
**Engjavegur 31:** 92,1m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikilið uppgerð. Verð: 5.900.000,-  
**Fjarðarstræti 14:** 163m<sup>2</sup> 4ra

herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum kjallara og geymsluskúr. Verð: 6.200.000,-  
**Fjarðarstræti 38:** 130m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrívýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-  
**Pölgata 4:** 136 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrívýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 20:** 125,2m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-  
**Seljalandsvegur 20:** 161,2m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-  
**Sölgata 5:** 102m<sup>2</sup> 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-  
**Stórholt 7:** 116m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-  
**Stórholt 11:** 103m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fjótlega. Verð: 7.800.000,-  
**Túngata 12:** 98,9m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrívýlishúsi. Mikilið uppgerð. Verð: 6.700.000,-

**Túngata 21:** 77,5m<sup>2</sup> 4ra herbergja risíbúð í þrívýlishúsi. Verð: 5.600.000,-

#### 3ja herbergja íbúðir

**Aðalstræti 20:** 98m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-  
**Fjarðarstræti 14:** 191m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.500.000,-  
**Hlíðarvegur 27:** 76m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m<sup>2</sup> bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 67:** 107m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-  
**Stórholt 9:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-  
**Stórholt 11:** 80m<sup>2</sup> 3ja herbergja

íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-

**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-

**Stórholt 11:** 72,6m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

#### 2ja herbergja íbúðir

**Urðarvegur 78:** 73m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-  
**Hlíf II:** 65,7m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Íbúðin er laus. Verð: 6.800.000,-  
**Hlíf II:** 50,4m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-  
**Hlíf II:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-

#### Atvinnuhúsnæði

**Silfurgata 6:** verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Verð: 5.000.000,-



**Fjarðarstræti 4:** 120m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-

# Nýjar vörutegundir hafa hlotið góðar viðtökur

Mjólkursamlag Ísafirðinga setti á markað nokkrar nýjar vörutegundir á síðasta ári og að sögn Hálfðans Óskarssonar hjá Mjólkursamlaginu, hafa viðtökur verið góðar.

Fjórar tegundir af súrmjólk með ýmsum bragðtegundum hafa verið í kælum verslana um nokkurt skeið og hefur salan farið vaxandi. Hálfðán segir að markaðssetning súrmjólkunnar hafi að mestu verið bundin við Vestfirði en með undantekningum þó.

„Við byrjuðum að selja súrmjólkina til verslunarkeðjunnar „Þín verslun“ og gerðum það fram eftir vetri. Botninn hefur þó dottið aðeins úr þessu vegna þess að við höfum ekki

ráðist í neitt sérstakt markaðsátak og baráttan um pláss í kælum verslana er mjög hörð. Salan tók þó kipp í verkfallinu og hefur haldið áfram síðan en salan á heimamarkaði hefur frá upphafi verið mjög góð og hefur farið vaxandi.“

Súrmjólkurtegundirnar eru með epla- og perubragði, bananabragði, hnetu- og karamellubragði og jarðberjabragði sem er vinsælasta tegundin að sögn Hálfðans.

Mjólkursamlagið setti einnig á markað í fyrra tilbúna sósúru í fernum og segir Hálfðán að þær hafi selst ágætlega í fyrri- sumar.

„Markaðssetning sósanna tafðist reyndar hjá okkur en

við ætluðum að reyna að stíla inn á ferðamenn. Sósurnar komust þó á markaðinn í lok júlí þannig að við náðum í endann á ferðamannatímabilinu. Þær seldust vel fyrstu tvo mánuðina en síðan dró úr sölunni þannig að við hættum framleiðslunni í haust.“

Sósurnar samanstanda af þremur tegundum; brúnni sósú, karrísósú og villbráðarsósú og er þeim pakkað í hálfslíttra fernur og eru þá tilbúna til upphitunar í örbylgjuofni eða í potti. Að sögn Hálfðans er ætlunin að hefja framleiðslu sósanna aftur í vor en hugsunin á bak við þessar nýju vörutegundir er að nýta tækjakost samlagsins betur.

## Ísafjörður

# Lögreglan klippir

Lögreglan á Ísafirði gerði í síðustu viku mikla rassú gegn bíleigendum sem trassað hafa að greiða bifreiðagjöld. Númer voru klippt af um 30-40 bifreiðum en um 450 nöfn eru á svokölluðum „skróplista“ lögreglunnar og mega þessir aðilar eiga von á að klippt verði af bílum þeirra á næstunni verði bifreiðagjöldin ekki greidd.

Nokkrir bíleigendur höfðu samband við blaðið og héldu því fram að númer hefðu verið klippt af bílum þeirra þrátt fyrir að bifreiðagjöldin hefðu verið greidd. Haft var samband við Ónund Jónsson yfirlöggregluþjón á Ísafirði og hann spurður hverju sætti?

„Þessar klippingar voru vegna bifreiðagjalda með ein-

daga um miðjan mars og menn voru búnir að fá bréf frá sýslumannsembættinu með ítrekun um greiðslu. Þetta kemur til af því að menn fara og borga á síðustu stundu eða eftir að búir er tilkynna að þeir geti búist við afklippingu. Menn borga kannski rétt fyrir lokun banka og það er ekki komið inn á skróplista hjá okkur fyrr en daginn eftir en í millitíðinni getum við verið búnir að klippa af viðkomandi bíl. Ef menn fara og borga eftir að hafa fengið aðvörun þá er öruggast hjá þeim að koma við hjá okkur og láta taka sig af skróplistanum eða t.d. líma kvittun vegna greiðslu bifreiðagjaldanna í framrúðu ökutækisins,“ sagði Ónundur.

## Skíði

# Básafells- mótið

Skíðafélag Ísafjarðar og Básafell hf., á Ísafirði hafa tekið höndum saman um að efna til skíðamóts fyrir börn á aldrinum 7-12 ára, og hefur verið ákveðið að mótið fari fram í Tungudal um næstu helgi.

Á laugardag kl. 11 verður keppt í svigi 9-12 ára og á sama tíma á sunnudag verður keppt í stórsvigi 7-12 ára. Allir þeir krakkar sem æft hafa skíði í vetur á vegum Skíðafélags Ísafjarðar, verða sjálfkrafa skráð til keppni og vilja mótshaldarar því hvetja þau til að mæta á svæðið. Glæsileg verðlaun verða veitt að mótinu loknu.

## Ísafjörður

# Kennara- tónleikar

Á sunnudag kl. 20:30 munu kennarar við Tónlistarskóla Ísafjarðar halda tónleika í sal Frímúrara á Ísafirði.

Á tónleikunum koma fram allflestir kennarar skólans og verður leikið á ýms blásturshljóðfæri, s.s. fiðlu, gítar, harmonikku, píanó og fleira. Einnig mun sönghópur syngja nokkur lög. Efnisskráin verður mjög aðgengileg og fjölbreytt, stutt verk eftir ýmsa höfunda, allt frá tónlist endurreisnartímans til suðrænnar danstónlistar.

Kaffiveitingar verða á boðstólum.

## Stjórnendur fyrirtækja á Vestfjörðum

Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða standa fyrir fræðslu- og ráðgjafarverkefni „Bættur rekstur“ og hefst það hinn 18. apríl n.k.

Markmiðið með námskeiðinu er að treysta rekstrargrundvöll fyrirtækja á svæðinu með aukinni þekkingu á nútímastjórnunaraðferðum.

Á námskeiðinu verður fjallað um eftirfarandi þætti:

- Stefnumótun, stjórnun og starfsmannahald (18. apríl nk.)
- Tölvuvæðingu (25. apríl nk.)
- Fjármál og viðskiptaáætlanir (2. maí nk.)
- Gæðastjórnun (9. maí nk.)
- Framleiðslu og vörustjórnun (16. maí nk.)
- Vöruþróun og markaðsmál (23. maí nk.)

Námskeiðið fer fram alla dagana frá kl. 10:30 til kl. 17:00.

Allar frekari upplýsingar fást hjá:

- Iðntæknistofnun (sími: 587 7000).
- Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (sími: 456 4780).

Skráning fer fram hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, í síma 456 4780.

Allra síðasti skráningardagur er 14. apríl nk.

Námskeiðið er styrkt af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Iðnlánasjóði.



# Sól og fegurð

## Opnunartími:

Opnið virka daga frá kl. 08:00 til 22:00  
Laugardaga frá kl. 10:00 til 18:00 (Fyrir ljós)  
Sunnudaga frá kl. 13:00 til 16:00 (Fyrir ljós)

Boðið er uppá

U.C.W. Lærvafninga, Strata 3.2.1  
Sogæðanudd og Ljósabað

Komið og kynnist frábærri nýjung í  
fullkomnum tækjabúnaði, sem stuðlar  
að bætri heilsu og vellífan

Tímamantanir í  
síma 456 5522

Líkamleg heilsa er  
grundvöllur vellífunar

Sól &  
fegurð

Tunguþú 3 • Sími 456 5522



# RAMMAGERÐ

## ÍSAFJARÐAR

Sími 456 3041

Opnar í hjarta bæjarins  
Hafnarstræti 18, gamla apótekinu  
jöstudaginn 11. apríl



Frábært úrval af  
handunninni gjafavöru

RAMMAGERÐ  
ÍSAFJARÐAR

Hafnarstræti 18 • Sími 456 3041

Opnunartilboð  
á innrömmuðum  
speglum til 1. maí

2006/04/08

Dúndur afsláttur  
á málverkum

Opnunartími:

Frá kl. 11:00 til kl. 18:00 virka daga  
og frá kl. 11:00 til kl. 14:00 laugardaga

# Vestfirðir í alfaraleið



Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða var stofnað í október á síðasta ári. Frumkvæði að stofnun félagsins kom frá áhugahópi um atvinnumál kvenna á Vestfjörðum, Snerpu en hluthafar auk Snerpu eru Byggðastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga, fyrirtæki og einstaklingar á Vestfjörðum.

Elsa Guðmundsdóttir, sem starfað hefur sem atvinnuráðgjafi Vestfjarða á vegum Fjórðungssambandsins, var ráðin framkvæmdastjóri félagsins og tók blaðamaður hana tali til að forvitnast um tilurð félagsins, tilgang þess og starfsemina eins og hún er í dag.

## Snerpukonur áttu frumkvæðið

Elsa, sem er Reykvikingur ættuð frá Grunnavík, kom vestur á sínum tíma til að vinna að átaksverkefni kvenna í atvinnumálum en félagsskapurinn Snerpa stóð alfarið að því verkefni og fjármagnaði. Elsa segir að vinnan við átaksverkefnið hafi í raun verið unnin á allt öðrum forsendum en sú vinna sem hún vinnur að öllu jöfnu sem atvinnuráðgjafi.

„Ég vann þetta alveg út frá grasróttinni vegna þess að þannig vinna konur. Ég fór í rauninni inn á heimili kvennanna og dró þær út. Áherslan beindist að handverki ýmis- konar og má sjá árangurinn á þeim fjölda handverksfélaga sem nú eru starfandi vítt og breytt um Vestfirði. Viðfangs- efni mitt núna er allt annað þótt markmiðið sé það sama - að efla atvinnulíf.“

Elsa segir að á þessum tíma hafi Fjórðungssambandið ákveðið að ráða til sín atvinnuráðgjafa en þá höfðu verið starfandi slíkir ráðgjafar eða atvinnuþróunarfélög í öllum kjördæmum nema Vestfjörðum í 10-15 ár.

„Ég var ráðin sem atvinnuráðgjafi fyrir einu og hálfu ári en þá hafði verið viðverandi niðursveifla í atvinnulífinu og fólksflótti af svæðinu. Fjórðungssambandið taldi að ráðning atvinnuráðgjafa væri ein leið af mörgum sem hægt væri að fara til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu, efla fyrirtækin sem voru til staðar og kanna möguleika á nýjum tækifærum.“

Það voru síðan Snerpukonur sem ákváðu að þær vildu sjá atvinnuþróunarfélag hér eins og þau eru til annars staðar og unnu þær hörðum höndum að því að ná samstöðu um stofnun félagsins og fjármögnun þess. Það var síðan í október sem stofnfundur félagsins var haldinn en það var mjög ánægjuleg stund. Þar mættu forsvarsmenn fyrirtækja og lögðu fram hlutfé sem sýnir einfaldlega að þeir hafa trú á þessari leið.“

## Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands keypti Max

Samkvæmt lögum á Byggða-

stofnun 20% í félaginu, Fjórðungssambandið á 20%, Snerpa á 20% og ýmis fyrirtæki og einstaklingar eiga restina en heildarhlutfé var 5 milljónir króna í byrjun. Vinna og reynsla Elsu sem atvinnuráðgjafi nýttist vel strax í upphafi en félagið vinnur fyrst og fremst að ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Einnig fer fram vinna að þróunar og rannsóknarverkefnum sem félagið hefur frumkvæði að eftir að aðstæður hafa verið skoðaðar á hverju svæði fyrir sig.

Elsa segir að félagið eigi einnig að vera upplýsingamiðill sem miði að því að tengja saman fyrirtæki, stofnanir og menntastofnanir með það að markmiði að viðkomandi gætu haft hag að sameiginlegum verkefnum.

„Í undirbúningsvinnunni var mikil áhersla lögð á að félagið myndi benda á það sem gert hefur verið annars staðar. Á Suðurlandi hefur verið starfandi atvinnuþróunarfélag í 15-20 ár og þar hefur verið komið upp atvinnuþróunarsjóði upp á 150 milljónir króna. Sjóðurinn hefur t.d. verið notaður til að lána og kaupa hlutfé í áhætturekstri sem enginn annar hefur viljað koma nálægt. Nýlega keyptu þeir sjóklæðagerðina Max og afleiðingin verður sú að öll uppbygging fyrirtækisins verður á Suðurlandi hér eftir en ekki í Reykjavík. Þannig að með því að stýra fjárfestingunni má hafa áhrif á uppbyggingu atvinnulífsins og fjölbreytni.“

## Áhersla á umhverfisvæna ferðapjónustu

Formlegt starf á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hófst 1. mars en vinna að stefnumótun hefur farið fram frá stofnun þess. Starfsmenn félagsins eru nú tveir en auk Elsu, sem starfar sem atvinnuráðgjafi og framkvæmdastjóri félagsins, starfar Dóra Lubecki sem ferðamálafulltrúi Vestfjarða.

Að sögn Elsu hefur atvinnuráðgjafi það hlutverk að veita ráðgjöf fyrirtækjum og einstaklingum og vinna að rannsókna og þróunarverkefnum ásamt upplýsingamiðlun og

fræðslu. Hlutverk ferðamála- fulltrúa er að vinna að uppbyggingu ferðapjónustu á Vestfjörðum m.a. með því að samræma aðgerðir ferðapjónustuaðila og skapa heild sem virkar sem ímynd Vestfjarða sem aftur er hægt að markaðssetja sem slíka.

Elsa segir að að mikil áhersla sé lögð á umhverfisvæna ferðapjónustu og að grænn litur sé á ferðamálastefnu Vestfjarða. Hún segir að margir haldi því fram að Vestfirðingar standi öðrum að baki þegar kemur að ferðapjónustu en það er að hennar áliti það sem skapar Vestfjörðum sérstöðu. Hún útskýrir þetta nánar:

„Við erum dálítið gamaldags. Við höfum ennþá sveitabæi, sjávarþorp og mikið og ósnortið víðlendi. Þú ferð ekki í Landmannalaugar í dag án þess að hitta fyrir 2-3 þúsund manns. Þú kemur til Vestfjarða og getur gengið einn um fjöll og dali í fimm daga án þess að sjá sælu. Þetta er okkar sérstaða sem við viljum leggja áherslu á í markaðssetningunni. Vinna ferðamálafulltrúa byggist á því að stýra ferðamannastraumum þannig að hann raski umhverfinu sem minnst. Við höfum það kannski fram yfir aðra að við getum byrjað starfið svona í stað þess að þurfa að glíma við vandamálin eftir á eins og gerðist t.d. við Goðafoss. Við leysum vandamálin fyrirfram eins og t.d. með Hornstrandir og reynum að stjórna straumi ferðamanna skynsamlega frá upphafi.“

## Sérhæfður starfsmaður til útláns

Vinna Elsu sem atvinnuráðgjafi er margþætt en getur hún tekið einhver þreifaþing dæmi til að útskýra út á hvað vinnan gengur?

„Stór hluti af minni vinnu felst í ráðgjöf. Fólk hringir í mig og biður mig um frummat á ýmsum hugmyndum. Ég skoða þessar hugmyndir og dæmi um hvort þær eru verðar nánari athugunar eða ekki. Ef ég tel að einhver smuga sé fyrir hendi að vinna úr hugmynd þá fer af stað þróunarstarf sem miðar að því að þróa hugmyndina og koma henni í framkvæmd.“

Ef komið er til mín með tilbúna vöru, þá gef ég ráðgjöf um hvar hægt væri að staðsetja hana á markaðnum þannig að hún myndi njóta sín sem mest og væri seljanleg. Staðsetning vöru er mjög mikilvæg. Þú getur verið með mjög góða vöru sem er staðsett á röngum stað og selst þar af leiðandi illa eða ekki.

Fyrirtæki leita einnig til mín með rekstrarvandamál. Þau eiga kannski í greiðsluferðileikum eða að það er spurning hvort halda eigi rekstri áfram eða leggja fyrirtæki niður. Ég

skoða og met hvert mál fyrir sig og veiti ráðgjöf um vænlegar leiðir. Það er nú samt svo að oftast er leitað til mín vegna þess að fyrirtæki vilja útvíkka starfsemina. Þá er spurt um leiðir að markmiðunum, hvort aukin fjárfesting sé arðbær og hvort útvíkkuninni fylgi áhætta. Ég lít á mína ráðgjöf sem upplýsingaöflun fyrir skjólstaðinga mína til að auðvelda þeim ákvarðanatöku. Það er ekki um að ræða að ég taki ákvörðun fyrir þá enda um þeirra peninga að tefla en ekki mína. Ég reyni að greiða þeim aðgang að fjármagni eins og kostur er en það er í raun sér kapituli sem ég ætla ekki að tala um hér.“

Elsa skiptir skjólstaðingum sínum í tvennt en það eru í fyrsta lagi einstaklingar sem aldrei hafa komið nálægt fyrirtækjarekstri og kunna lítið sem ekkert til viðskipta. Síðan eru það fyrirtæki sem eru það smá í sniðum að þau hafa ekki efni á að ráða sér sérfræðinga til að vinna að lausn vandamála. Hún segir að stærstu fyrirtækin hafi oft sérfræðinga á sínum snærum til að leysa úr sérhæfðum vandamálum en þau leita gjarnan til hennar með viðfangsefni sem ekki passa inn í daglegan rekstur. Elsa segist í þessum tilfellum vera einskona sérhæfður starfsmaður til útláns frá Atvinnuþróunarfélaginu.

## Traust um trúnað skiptir mestu

Elsa segir að það sem mestu máli skiptir í ráðgjöf sé traust um trúnað vegna þess að allar hugmyndir séu mjög viðkvæmar. „Ég legg mikla áherslu á það við skjólstaðinga að allt sem lagt er fyrir mig sé í trúnaði og það hefur skilað sér.“ Ef Elsa fær hugmynd inn á borð til sín sem hún hefur trú á þá fer hún með hana eins langt og kostur er.

En hvernig eru viðbrögðin hjá fólki sem fær höfnun?

„Það er mikið af göðum hugmyndum sem fólk kemur með til mín en margar hugmyndirnar þarfnast meiri vinnu. Í rauninni hafna ég engri hugmynd. Ég lít á það sem ábyrgð þeirra sem eiga hugmyndirnar að þróa þær áfram og í gegnum þetta ferli kemst fólk að þeim punkti að þurfa að taka ákvörðun um hvort það er tilbúið að leggja allt sitt undir til að fylgja hugmyndinni eftir. Ég spyr ýmissa spurninga í fyrsta viðtali þar sem viðkomandi þarf að skoða hug sinn fyrir alvöru. Hlutverk hugmyndasmiða er að hafa ofurtrú á sinni hugmynd. Mitt hlutverk er að draga fólk niður á jörðina og gera því grein fyrir í hvaða umhverfi hugmyndin á að virka. Það má aldrei vanmeta hugmyndasmiði. Þeir verða að fá að vera til og vera frjóir







# Úrslit fyrir sunnan hafa ekki áhrif á kröfur ASV

„Félögin eru auðvitað frjálst að því hvaða aðferð þau nota til að ná sínu fram. Aftur á móti verð ég að segja eins og er að það urðu mér töluverð vonbrigði að Bolvíkingar skyldu taka þessa afstöðu. Mér fannst tímasetningin röng og þeir höfðu að minnsta kosti getað farið með okkur þá leið sem við fórum. Þessi eini dagur hafði töluverða þýðingu fyrir okkur þar sem hann þurfti til að fá vinnuveitendur til þess að koma að samningunum nær okkar forsendum en þeir höfðu fengist til.“



Pétur Sigurðsson.

sem Bolvíkingarnir fóru, sér illa fyrir okkur hin. Sérstaklega vegna þess að það var gert svo mikið úr því í áróðrinum hjá vinnuveitendum. Þetta var raunverulega vopn sem þeir færðu vinnuveitendum á silfurfat. Ég veit auðvitað ekki hvernig mál hefðu þróast ef Bolvíkingarnir hefðu verið með en ég á ekki von á að það hefði breytt neinu. Ég hugsaði að við hefðum fengið vinnuveitendur til að samþykkja að koma að samningunum á okkar forsendum eins og þeir gerðu þarna fyrir rest.“

Pétur segir að hvernig sem atkvæðagreiðsla um samning Verkamannasambandsins fer þá muni úrslitin ekki hafa áhrif á kröfur ASV.

„Við erum með ákveðnar kröfur við okkar viðsemjendur og við erum ekki tilbúnir til að breyta þeirri kröfugerð. Ef samningurinn verður hins

vegar felldur í einhverju eða öllum félögunum þá erum við auðvitað komin með nýjan lykil og stærri samstöðu um það sem við erum að tala um þannig að staðan verður sjálfsagt betri hjá okkur ef samningurinn verður felldur.“

Pétur segir að ekki séu fyrirhugaðar viðræður við vinnuveitendur næstu daga en ef vinnuveitendur eru tilbúnir til að koma til móts við kröfur ASV á einhvern hátt þá séu menn þar tilbúnir til viðræðna hvenær sem er. Hann á ekki von á að neitt gerist fyrr en skoðun á áhrifum þess að færa allar bónusgreiðslur inn í tíma-kaup verður lokið en þeirri vinnu á að ljúka á morgun.

„Við vitum miklu betur hvaða möguleika við höfum eftir að þessi skoðun hefur átt sér stað. Ég fullyrði það einu sinni enn, að samningarnir sem gerðir voru í Reykjavík, þar sem fiskvinnslufólki er gert að greiða 54 krónur á tímann til að ná 70 þúsund krónum í dagvinnukaup á mánuði, er röng aðferð.“

Það er full samstaða hjá fólki um að knýja á um breytingar aðrar en þær sem samið var um í samningi Verkamannasambandsins og ég finn hvorki né sé neinn bilbug á mönnum þótt þessi frestur hafi verið leyfður,“ sagði Pétur Sigurðsson



Guðbjörg ÍS-46.

## Vélstjóri á Guðbjörgu ÍS-46

# Öklabrotnaði á leiðinni á miðin

Það óhapp vildi til um borð í Guðbjörgu ÍS-46 á miðvikudaginn í síðustu viku að einn vélstjóranna hrasaði niður stiga og öklabrotnaði. Skipið hafði

þá um daginn lagt úr höfn á Ísafirði áleiðis á Flæmingjagrunn en var snúið við og maðurinn settur í land á Flatseyri. Þar var munstraður nýr

vélstjóri þannig að Guðbjörgin gat haldið til veiða á ný.

Meiðsl vélstjórans munu ekki vera alvarleg og heilsat honum nú eftir atvikum.

## Til sölu

Til sölu er Tangagata 24, Ísafirði. Verð kr. 11.300.000,-

Upplýsingar veitir Óli Þór í síma 456 3763 á kvöldin



# OPNUM Á NÝ! AÐ MÁNAGÖTU 6

Á MORGUN  
FIMMTUDAG

...Mundu eftir  
**HYUNDAI**  
Mögund heimilistölva...



### PENTIUM TÖLVUR

Pentium 133MHz  
16MB EDO / 1.7GB diskur / 15" skjár Kr.: 118.000,-

Pentium 166MHz  
16MB EDO / 1.7GB diskur / 15" skjár Kr.: 135.000,-

Pentium 200MHz  
16MB EDO / 1.7GB diskur / 15" skjár Kr.: 158.000,-

### PENTIUM MMX TÖLVUR

Pentium 166MHz MMX  
16MB EDO / 1.7GB diskur / 15" skjár Kr.: 152.100,-

Pentium 200MHz MMX  
16MB EDO / 1.7GB diskur / 15" skjár Kr.: 166.100,-

### PENTIUM PRO TÖLVUR

Pentium PRO 200MHz  
16MB EDO / 1.7GB diskur / 15" skjár Kr.: 181.700,-

### VIÐBÓTARBÚNAÐUR

Margmiðlun  
12X geisladrif, SB16 hljóðkort og hátalarar Kr.: 21.900,-

Minnisstækkannir  
32MB EDO (stækkun úr 16MB í 32MB) Kr.: 9.900,-  
64MB EDO (stækkun úr 16MB í 64MB) Kr.: 26.900,-

Stærri diskur  
Maxtor 2GB diskur í stað 1.7GB Kr.: 3.500,-  
Maxtor 3,5GB diskur í stað 1.7GB Kr.: 11.600,-

Okkar verð er betra...



...og þú notar frikortid þitt hjá okkur



Greiðslukjör: • VISA og EUROCARD  
raðgreiðslur til allt að 36 mánuði

# SNERPA

VERSLUN MÁNAGÖTU 6 - SÍMI 456-3072  
VERKSTÆÐI SINDRAGÖTU 3 - SÍMI 456-5470





# UM HELGINA Striptease Erotic Club



18 ár

**Þær heitustu í bænum**

að sjálfsgöðu í Sjallanum  
föstudags- og laugardagkvöld  
auk diskóteks

Boðið er uppá einkadansa  
Aðgangseyrir kr. 1.000,-



# UM HELGINA 18 ár Sægreifarnir


Skemmta til kl. 03:00 á laugardagskvöld



**Hefur þú litið á  
matseðilinn hjá okkur?  
Líttu inn og  
kannaðu málið**



## ÍSAFJARÐARBÍÓ



### That thing you do

Fimmtudag kl. 21:00  
Föstudag kl. 21:00



### The First Wives Club

Sunnudag kl. 21:00  
Mánudag kl. 21:00  
Þriðjudag kl. 21:00

## Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

### ÍSAFJÖRÐUR:

**Vitinn:** Söluverð í 34m<sup>2</sup> húsnæði á besta stað í bænum. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Tilboð óskast.

**Mjallargata 6:** Norðurendi, 2x40m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð ásamt tvöföldum bílskúr. Íbúðin er laus. Verð: 3.600.000,-

**Sunnuholt 1:** Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m<sup>2</sup> ásamt 40m<sup>2</sup> bílskúr. Verð 15.500.000,-

**Dalbraut 10:** 115m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-

**Miðtún 31:** 190 m<sup>2</sup> endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.

**Mánagata 6:** Efri hæð 155m<sup>2</sup> 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-

**Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-

**Stakkanes 6:** Rúmlega 140m<sup>2</sup> raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-

**Strandgata 5:** U.þ.b. 65m<sup>2</sup> 3ja herbergj íbúð á efri hæð í fjölbýli. Laus. Góð greiðslukjör.

**Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-

**Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-

**Urðarvegur 60:** Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m<sup>2</sup>, ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



**Stórholt 11:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju.  
Laus. Verð 4.300.000,-



**Ljósaland 6:** 2x126m<sup>2</sup> einbýlishús. Hagstæð lán.  
Verð: 4.000.000,-

### BOLUNGARVÍK:

**Miðstræti 6:** 93m<sup>2</sup> timburhús. Verð: 700.000,-

**Vólusteinsstræti 9:** 130m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt bílskúr. Verð kr. 6.800.000,-

**Vólusteinsstræti 28:** 150m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgeft að utan. Verð: 7.000.000,-

**Kirkjuvegur 2:** 214m<sup>2</sup> glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.

**Hafnargata 46:** Allt húsið. Selst ódyrt.

**Holtabrún 6:** 230m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.000.000,-

**Holtagata 9:** Lítið og snyrtilegt einbýlishús úr timbri. Húsið er laust. Verð: 3.000.000,-

**Skólastígur 20:** 140m<sup>2</sup> á 2. hæð í parhúsi. Verð: 1.600.000,-

**Stígahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-

**Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-

**Traðarland 24:** 200m<sup>2</sup> einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.

**Vitastígur 11:** Neðri hæð. 82m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.

**Vitastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-

**Vólusteinsstræti 4:** 2x126m<sup>2</sup> einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

### SUÐUREYRI:

**Hlíðarvegur 3:** 147m<sup>2</sup> tvílyft einbýlishús auk 40m<sup>2</sup> bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.

**Aðalgata 9:** U.þ.b. 90m<sup>2</sup> einbýlishús.



## Ísafjarðarkirkja

**Fatasöfnun Hjálparstofnunar og Ísafjarðarsóknar** verður dagana 10. og 11. apríl.

Tekið er á móti fötum í safnaðarheimilinu frá kl. 14:00 til kl. 20:00 bæði fimmtudag og föstudag. Fötin þurfa að vera heil og hrein.

**Á laugardag 12. apríl verður vorferðalag kirkjuskólans.** Farið verður í rútbíl til Flateyrar og kirkjubörn þar heimsótt. Lagt verður af stað frá Ísafjarðarkirkju klukkan korter yfir ellefu og eru kirkjuskólabörninn því beðin um að mæta kl. 10:30 að Ísafjarðarkirkju. Áætluð heimkoma er rétt fyrir eitt. Öll kirkjuskólabörn eru velkomin.

**Á sunnudag 13. apríl kl. 11:00 er guðsþjónusta.** Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur.

Ísafjarðarsókn.

## Til sölu

Til sölu er húseignin Árgerði (Árholt 10) sem er u.þ.b. 200m<sup>2</sup>. Húsið er að stórum hluta endurnýjað.

Upplýsingar í síma 456 4744



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

### Ingibjörg Sigurgeirsdóttir Hlíf, Ísafirði

lést sunnudaginn 6. apríl. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 12. apríl kl. 14:00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Þórgímur Guðnason

Pálína Þórarinsdóttir

Eiríkur Þórðarson

Sigurgeir B. Árnason

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir færur við þeim fjölmörgu, sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra,

### Jóns Ólafs Árnasonar, frá Ísafirði

Alvaldur,  
leiddu minn son  
til dýrðar þinnar.  
Veit honum frið.  
Gæfu njóta, eilífðar.

Sonur, gefðu vissu trúar.  
Varða vegu ljósum.  
Gakk vonar erinda.  
Hugga. Líkna.  
Á Guðs almáttugs vegum.

Árni Sigurðsson, Guðrún Halldórsdóttir  
Martha Árnadóttir  
Arnar Þór Árnason  
Sigurður Halldór Árnason  
Martha Sif Jónsdóttir  
Kolbrún Dóra Kristinsdóttir  
Martha Árnadóttir, Sigurður Jónsson



# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



## Flugstöðvarbyggingin á Ísafjarðarflugvelli stækkuð

# Helmingi fleiri farþegar fara um bygginguna en gert var ráð fyrir

Að undanfögnu hefur borið nokkuð á óánægju hjá flugfarþegum sem fara um Ísafjarðarflugvöll vegna aðstöðuleysis og þrengsla í flugstöðvarbyggingunni. Þetta verður mest áþreypfanlegt þegar aðstæður gera það að verkum að tvær Fokkervélar eru staddar samtímis á vellinum, en þá geta 200 farþegar verið staddir í einu í flugstöðinni auk þeirra sem eru að fylgja eða taka á móti farþegum.

Þeir sem eru að tekka sig inn fá komufarþegana beint í fangið vegna þess að innritunarborðið er við hliðina á færi-

bandinu sem farangur komufarþegana er settur á. Komufarþegarnir verða síðan að ryðjast með farangur sinn í gegnum röðina sem oft myndast við innritunarborðið til að komast út og þeir sem ætla að innrita sig verða sömuleiðis að berjast á móti straumi fólks til að innrita sig. Allt þetta hnoð og troðningur veldur óhjákvæmilega töfum sem er slæmt þegar ófært verður fyrirvaralaust til flugs.

Að sögn Guðbjörns Charlessonar, umdæmisstjóra Flugmálástjórnar á Ísafjarðarflugvelli, er flugstöðvarbyggingin miðuð við helmingi færri farþega en nú fara um hana en á síðasta ári fóru 58.800 farþegar um bygginguna. Hann segir hugmyndir uppi um stækkun flugstöðvarbyggingarinnar og að undirbúningsvinna vegna þess sé hafin.

„Það er alveg rétt að aðstaðan er löngu úr sér gengin og svarar ekki kröfum dagsins í dag. Þar fyrir utan er byggingin hvorki vatns- né vindheld þannig að það er orðið tímabært að ráðast í endurbætur og þá stækkun í leiðinni. Það eru í gangi umræður núna innan Flugmálástjórnar hvernig staðið verður

að endurbótunum en brýnast er að aðskilja komu- og brottfararfarþega og koma þannig í veg fyrir þá örtröð sem oft myndast á annatímum. Aðstöðu fyrir starfsfólk þarf að laga og einnig væri æskilegt að aðstaða vegna veitingasölu yrði endurbætt sem og aðstaða fyrir farþega sem eru að bíða.“

Guðbjörn segir ekki tímaþætt að greina í smáatriðum frá fyrirhugaðri stækkun vegna þess að endanlegar ákvarðanir hafi ekki verið teknar. Hann segir þó ljóst að verkið verði boðið út í sumar og framkvæmdir í framhaldi af því.

Guðbjörn segir ekki tímaþætt að greina í smáatriðum frá fyrirhugaðri stækkun vegna þess að endanlegar ákvarðanir hafi ekki verið teknar. Hann segir þó ljóst að verkið verði boðið út í sumar og framkvæmdir í framhaldi af því.

Guðbjörn segir ekki tímaþætt að greina í smáatriðum frá fyrirhugaðri stækkun vegna þess að endanlegar ákvarðanir hafi ekki verið teknar. Hann segir þó ljóst að verkið verði boðið út í sumar og framkvæmdir í framhaldi af því.



Flugstöðvarbyggingin á Ísafjarðarflugvelli verður stækkuð í sumar.

## Ísafjörður

# Herra Ísafjörður tekur til starfa

Ný verslun, Herra Ísafjörður, tók til starfa á Ísafirði á föstudaginn.

Eigandi verslunarinnar er Gunnar Már Levisson en hann hefur rekið sambærilega verslun í rúm tvö ár í Hafnarfirði undir nafninu „Herra Hafnarfjörður“

Að sögn Gunnars er töluvert um að Ísafirðingar versli hjá honum í Hafnarfirði og voru það m.a. þeir



Gunnar Már Levisson í verslun sinni, ásamt nokkrum gestum í opunarhófinu á föstudag.

sem hvöttu hann til að setja upp verslun á Ísafirði.

Gunnar segir að eins og nafn verslunarinnar gefi til kynna þá sé í henni boðið upp á breiða línu karlmannafatnaðs á sanngjörnu verði fyrir karlmenn

á aldrinum 15 ára og uppúr, allt frá sportfatnaði upp í jakkaföt. Hann telur enga spurningu um að rekstrargrundvöllur sé fyrir verslun af þessu tagi á Ísafirði og segist hafa það á tilfinningunni að karlmonnum hafi ekki verið

sinnst nógu vel að þessu leyti hingað til. Eiginkona Gunnars mun sjá um rekstur verslunarinnar til að byrja með en ætlun þeirra hjóna mun vera að ráða starfsmann sem sjá mun um reksturinn í framtíðinni.

## Flugvöllurinn á Þingeyri

# Fjörutíu flug vegna óhagstæðra veður- skilyrða á Ísafirði

Með tilkomu Vestfjarðaganga hefur í æ ríkari mæli verið hægt að treysta á flugvöllinn á Þingeyri þegar ófært hefur verið til Ísafjarðar en það er einna helst í suðaustanátt sem þær aðstæður skapast. Um 40 flug til Þingeyrar á síðasta ári voru tilkomin vegna þess að ófært var til Ísafjarðar en aðeins 12 flug voru 1995 vegna þessa. Af þessu má draga þá ályktun að göngin ásamt flugvöllum á Þingeyri tryggji að flugsamgöngur verði betri en fyrir tilkomu ganganna. Því er mikilvægt að haldið verði áfram uppbyggingu vallarinnar á Þingeyri en þar er nú ágætt flugstöðvarhús. Flugbrautin sjálf þarfnast þó endurbóta og er bundið slitlag þar á meðal.

Á flugmálaáætlun fyrir 1998 og 1999 er áætlað að veita 31 milljón króna til flugbrautar á Þingeyri en fróðir menn segja að það dugi ekki til endurbótanna.

## Húsbrunninn í Bolungarvík

# Tjón á bannsvæðum bætt að fullu

Ýmsar spurningar hafa vaknað hjá húseigendum á Vestfjörðum vegna fréttatvívinnings af húsbrunnum sem varð í Bolungarvík að morgni páska-dags. Haft var eftir eiganda hússins að tryggingarnar hefðu tilkynnt honum að hann fengi aðeins markaðsverð ef hann

byggði eða keypti á öðrum stað í bænum.

Geirarður Geirardsson, hjá tjónadeild Sjóvá-Almennra trygginga hf., sagði í samtali við blaðið að ef fyrir lægi á bannað væri að byggja á viðkomandi stað þá myndu tryggingarnar að sjálfsögðu

bæta tjónið að fullu.

„Hins vegar er heimild í lögum til að miða bótageiðslur við markaðsverð ef um kaup á sambærilegu notuðu húsnæði er að ræða en ef tjónþoli vill byggja nýtt sambærilegt hús, þá er kostnaður við það greiddur að fullu.“



Frá slökkvistarfinu í Bolungarvík á páskadagsmorgun.

Að sögn Geirarðs liggur ekki fyrir, af hálfu bæjaryfirvalda í Bolungarvík, að bannað sé að byggja á þeim stað sem húsið brann og því ekki ljóst hver málalok verða. Óstaðfestar

fregnir höfðu þó borist honum til eyrna um að bann við byggingu íbúðarhúsnæðis á þessum stað hefði verið ákveðið. Hann segir að almenna reglan sé sú, að ef um alþjón sé

að ræða í húsbruna, utan bannsvæða, sé kostnaður við endurbyggingu á sama stað greiddur að fullu miðað við matsverð, en 15% sé dregið frá ef tjónþoli vill ekki byggja upp að nýju.